

Fundargerð

7. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn að Hlíðavegi 6, 19. febrúar 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson varaformaður, Jóna Björg Hlööversdóttir aðalmaður, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir aðalmaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Jón Hrói Finnsson ráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

1. Starfshópar - 1911021

Jón Hrói og Róbert sögðu frá fundum með starfshópum sem haldnir voru þriðjudaginn 18. febrúar.

Verkefnisstjórum og sveitarstjórum falið að gera tillögu að viðbrögðum við athugasemd um þóknun til þátttakenda í starfshópum sem fram kom á fundi eins starfshópanna fyrir næsta fund samstarfsnefndar.

2. Fundaferð formanns og varaformanns í janúar - 2002014

Helgi sagði frá fundum sem hann, Arnór, Jóna Björg og Sveinn Margeirsson áttu í janúar með umhverfisráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála og fulltrú um Umhverfisstofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi Þingeying og Nýsköpun í norðri.

Á fundunum voru rædd ýmis hagsmunamál sveitarfélaganna og leitað eftir stuðningi við verkefni. Auk ofangreinds fór Arnór á fund umhverfis- og samgöngunefndar vegna umsagnar Þingeyjarsveitar um samgönguáætlun.

Halldór vék af fundi um kl. 16.

3. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga - 2002021

Lögð fram drög að sameiginlegri umsögn sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem birt er til umsagnar í samráðsgátt tímabilið 12.febrúar 2020-27.febrúar 2020.

Ráðgjöfum falið að uppfæra tillöguna í samræmi við ábendingar sem fram komu á fundinum. Samþykkt að vísa umsögninni til afgreiðslu sveitarstjórna.

4. Starfshópur - Aðkoma ríkisins og verkefni utan áhrifa sameiningar - 2002015

Vinna við að greina mikilvæga þætti og verkefni sem snúa að ríkinu, svo sem heilbrigðismál, framhaldsskóla og háskólamál. Fjallað verður um verkefni og

7. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
24.02.2020

Þjónustu sem eru utan áhrifasviðs sveitarfélaganna og sameining mun því ekki hafa bein áhrif á, svo sem starfsemi frjálsra félagasamtaka og starfsemi og þjónustu ríkisstofnana.

Hugarflæði. Fundarmenn töldu upp hagsmunamál sem vinna mætti að til frekari úrvinnslu síðar.

Fundi slitið kl. 17:00.
